

## Því dæmist rétt vera:

Ákærði Knud Jacobsen skal vera sýkn fyrir ákæru sóknarans í máli þessu. Ákærði Þorsteinn Brandsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 8 daga. Varðhaldskostnaður Knud Jacobsens og málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda hans fyrir báðum réttum, málsfærslumanns Eggerts Claessen, 10 kr. fyrir hvorum rétti, greiðist úr landssjóði. Ákærði Þorsteinn Brandsson greiði allan annan kostnað málsins bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda við yfirdóminn málsfærslumanns Odds Gíslasonar 10 kr. og til skipaða verjanda síns málsfærslumanns Karls Einarssonar einnig 10 krónur.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. júnímán.

Nr. 15/1907:

Réttvísinn

gegn

Guðjóni Eyólfssyni, Guðrúnu Stefánsdóttur og

Runólfi Eyólfssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu,

uppkveðnum 14. nóvbr. f. á. voru hin ákærðu dæmd þannig fyrir brot gegn 250. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og hlutdeild í sama broti, að Guðjón Eyólfsson skyldi sæta fangelsi við vatn og brauð í 4X5 daga, Guðrún Stefánsdóttir sama fangelsi í 5 daga og Runólfur Eyólfsson fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 daga; hin ákærðu voru öll dæmd til að greiða in solidum endurgjald til Þorbjarnar Ólafssonar fyrir sauð-kind, 11 krónur, og svo var þeim og öllum gjört að greiða sakarkostnaðinn í héraði in solidum, þó þannig, að Guðrún Stefánsdóttur skyldi ein greiða málsvarnarlaun til verjanda síns í héraði, Jóns hreppstjóra Tómassonar, og voru þau ákveðin 4 kr. Dómi þessum hefir valdstjórnin áfrýjað til yfirdómsins réttvisinnar vegna fyrir öll hin ákærðu.

Það er sannað í málinu löglega, að hin ákærðu hafa gjörst sek í sauðafjófnaði og hlutdeild í glæp þessum á þann veg og með þeim hætti, er nú skal frá skýrt.

Síðastliðið sumar um miðjan ágústmánuð fór ákærði Guðjón bóndi Eyólfsson á næturtíma út í hagana í Stapaseli, ábúðarjörð sinni, til þess að ná í ókunnuga kind; hafði honum áður komið til hugar að ná sér í kind til skurðar, en engin af hans kindum var nú heima við eða þar nálægt; hann vakti Runólf bróður sinn, hinn meðákærða, sem var vinnumaður hans, og skipaði honum að vera með sér í þessu verki. Þeir ráku síðan heim úr högunum 4 eða 5 kindur ókunnugar, hand-sömuðu eina þeirra heim við bæ, veturgamlan gemling, og fóru með hann inn í bæjardyr; ákærði Guðjón vakti þá meðákærðu Guðrúnu, er var bústýra hans þar á heimilinu, og bað hana að hjálpa sér að skera kind.

Síðan fóru þeir með kindina inn í búr og þar skar ákærði Guðjón hana, meðákærði Runólfur hélt fótunum og meðákörða Guðrún hrærði í blóðinu. Var þeim Runólfi og Guðrúnu kunnugt að kindin var stolin. Kjötíð og slátrið af kindinni var etið þar á heimilinu, en gæruna tjáist ákærði hafa brent síðar. Hin stolna kind var eign Þorbjarnar Ólafssonar á Hraunsnefi, og hefir verið virt á 11 krónur; eigandinn hefir krafist endurgjalds fyrir kindina.

Afbrot ákærða Guðjóns Eyólfssonar, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður sætt ákæru eða refsingu fyrir glæp, heyrir undir 231. gr. 1. lið hegningarlaganna, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna. Brot hinnar ákærðu Guðrúnar Stefánsdóttur heyrir undir sömu grein hegningarlaganna, sbr. við 48. gr. 2. másl. og 56. gr., og þykir refsingin fyrir hana, sem komin er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður sætt ákæru né refsingu, hæfilega ákveðin eftir tilvitnuðum lagastöðum 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði Runólfur Eyólfsson, sem er hálfbróðir meðákærða Guðjóns, er fæddur 24. júní 1889 og var þannig lítið eitt kominn á 18. ár, er glæpurinn var framinn; hefir hann eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt afbrot; hann hefir borið það, að Guðjón bróðir sinn hafi verið farinn að verða vondur við sig og af heimili Guðjóns fór hann skömmu eftir að þjófnaðurinn var framinn. Afbrot Runólfs heyrir undir 231. gr. 1. másl. hegningarlaganna og 48. gr. síðari másl. sömu laga og með tilliti til 38. gr. þykir mega ákveða refsinguna samkvæmt 22. gr. 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ákveði aukaréttardómsins um ið-

gjöld og málskostnað í héraði samþykkjast. Ákærðu ber og in solidum að greiða áfryjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmat.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákærði Guðjón Eyólfsson sæti 8 mánaða betrunarhússvinnu; ákærða Guðrún Stefánsdóttir sæti fangelsi við vatn og brauð í  $2 \times 5$  daga; ákærði Runólfur Eyólfsson sæti fangelsi við venjulegt fanga-  
viðurværi í 20 daga. Um iðgjöld og málskostnað á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Hinum ákærðu ber öllum in solidum að greiða áfryjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu-  
laun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Iðgjöldin greiðist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.